

Ályktun aðalfundar BSRB 17. okt. 2008

STYRKJUM INNVIÐINA – SANNLEIKANN Í LJÓS

Miklar hættur steðja nú að íslensku þjóðfélagi. Hrun fjármálafyrirtækja og hömlur á gjaldeyrisviðskipti hafa þegar valdið miklum búsjúfum og geta leitt til keðjuverkandi hruns í atvinnulífinu með atvinnuleysi og þrengingum. Við slíkar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni að jafna kjörin í landinu og styrkja innviði samfélagsins. Efla þarf alla grunnþjónustu. Öflugt velferðarkerfi gerir okkur kleift að standa af okkur áföllin og með samstöðu og samheldni mun þjóðinni takast að vinna bug á erfiðleikunum enda undirstöður íslensks efnahagslífs traustar og til að byggja á til framtíðar. Forsenda samstöðunnar er hins vegar jöfnuður og félagslegt réttlæti. Kjarabilið hefur farið ört breikkandi, þar með talið kynbundið launamisrétti. Það ber vott um ófyrirleitni og botnlaust dómgreindarleysi þegar hátekjufólk kallar nú eftir samstöðu lágtekjufólks án þess að heita jafnframt stuðningi við róttækar jöfnunaraðgerðir. Slíkt ber vott um hræsni og hefur holan hljóm. Því er alfarið hafnað að almennt launafólk verði látið bera allan herkostnaðinn af óráðsú og bruðli undanfarinna ára.

Á liðnum árum hafa fjármálamenn og stjórnendur og eigendur fjármálafyrirtækja skuldsett samfélagið á óábyrgan og siðlausan hátt. Því þótt bankar og ýmsir almannasjóðir hafi verið einkavæddir sannast það nú eina ferðina enn að allt þjóðfélagið er undir þegar bankakerfið kemst í þrot. BSRB hefur ítrekað varað við þessari þróun með skýrslugerð og alvarlegum varnaðarorðum. Þá hafa samtökin harðlega gagnrýnt hvers kyns óhóf og bruðli í ráðstöfun á fjármunum almennings sem fjármálastofnanir hafa fengið til ráðstöfunar.

BSRB krefst ítarlegrar rannsóknar sem leiði í ljós hverjir eru ábyrgir fyrir skuldsetningu bankakerfisins og þar með þjóðarinnar. Þá þarf að leiða í ljós hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað í einkabágu gæslumanna fjárins.

Íslensk stjórnvöld mega alls ekki rasa um ráð fram og undirrita samninga sem binda komandi kynslóðir um langa framtíð fyrr en öll álitamál, m.a. af lagalegum og þjóðréttarlegum toga, hafa verið til lykta leidd.

Styrkur Íslendinga um áratugi hefur verið samheldið og traust samfélag. Úr þeim jarðvegi hefur vaxið og dafnað fjölskrúðugt mannlíf, blómleg menning og kröftugt atvinnulíf. Íslendingar búa yfir miklum auðævum til lands og sjávar. Það hlýtur að vera forgangsverkefni að tryggja eignarhald þjóðarinnar á öllum auðlindum með skýrum ákvæðum í stjórnarskrá landsins. Þjóðin þarf að snúa bökum saman sem aldrei fyrr þannig að sem fyrst takist að snúa vörn í sókn.

BSRB leggur áherslu á eftirfarandi

- Efla þarf gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu
- Efla þarf gjaldfrjálst menntakerfi
- Efla þarf félagsþjónustu
- Efla þarf félagslegt húsnæðiskerfi
- Efla þarf löggæslu og almannavarnir

